

# Minnisblað

Til:  
Frá: Bryndís Ósk Jónsdóttir  
Dags. 10. september 2020  
Mnr. 2019050091



ÍSAFJARÐARBÆR

---

## Kostnaður húss að Suðurtanga 2

Á 1120. fundi bæjarráðs, þann 7. september 2020, lagði bæjarráð til við bærstjórn að samþykkja kaupsamning við Sjósportmiðstöð Íslands ehf., auk þess sem lagt var til við bærstjóra að leggja fram viðauka við fjárhagsáætlun 2020 vegna samningsins.

Með minnisblaði þessu er viðauki við fjárhagsáætlun 2020 lagður fram vegna kaupanna.

Þá skal upplýst að kaupverð hússins er kr. 22.000.000, auk kr. 4.500.000, sem eignfærist á fasteignina í bókhaldi sveitarfélagsins, vegna töku tilboðs um viðgerð á þaki hússins.

Eignfært verð hússins er því alls kr. 26.500.000 í bókhaldi. Innri leiga á lið 21310 (ónotað húsnæði eignasjóðs), verður því kr. 3.130.000 árlega, eða kr. 260.000 mánaðarlega. Innri leiga skal vera í samræmi við raunverulegan kostnað sem viðkomandi fjárfesting ber með sér, þ.e. fjármagnskostnaður vegna viðkomandi fasteignar, afskriftir, skattar, tryggingar, viðhaldskostnaður eignar og lóðar, auk umsýslukostnaðar eignasjóðs. Leigutekjur eignasjóðs skulu standa undir rekstri einstakra eigna. Auk þessa má gera ráð fyrir rafmagnskostnaði eignarinnar, en samkvæmt ársreikningi Sjósportmiðstöðvarinnar ehf. var sá kostnaður kr. 377.432 árið 2019, og kr. 483.461 árið 2018.

Nauðsynlegt er því að ákveða, verði kaupsamningurinn samþykktur, hver not hússins eigi að vera til skamms og/eða langs tíma, og hvort og þá hvernig gera megi ráð fyrir tekjum vegna eignarinnar til eignasjóðs.